

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 3.48 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/411 frá 10. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.48.
- 3.49 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/429 frá 15. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.49.
- 4.53 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/408 frá 10. mars 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.53.
- 4.54 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/427 frá 15. mars 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.54.
- 7.18 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/395 frá 9. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.18.
- 7.19 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/430 frá 15. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.19.
- 8.10 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/394 frá 9. mars 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.10.
- 8.11 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/428 frá 15. mars 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.11.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 31. mars 2022.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martín Eyjólfsson.

Fylgiskjal 3.48.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/411

frá 10. mars 2022

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

Ákvörðunin skal gilda til 15. september 2022. Viðauka við ákvörðun 2014/145/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/411/oj>].

Fylgiskjal 3.49.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/429

frá 15. mars 2022

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

Viðauka við ákvörðun 2014/145/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/429/oj>].

Fylgiskjal 4.53.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/408

frá 10. mars 2022

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/408/oj].

Fylgiskjal 4.54.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/427

frá 15. mars 2022

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/427/oj].

Fylgiskjal 7.18.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/395**

frá 9. mars 2022

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneskur herafli hóf árás á Úkraínu. Sú árás er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 4) Í ályktunum sínum frá 24. febrúar 2022 fordæmdi leiðtogaráðið harðlega tilefnislausar og óréttmætar hernaðarárásir Rússneska sambandsríkisins gegn Úkraínu. Með ólögætum hernaðarlegum aðgerðum sínum brýtur Rússland gróflega gegn reglum þjóðaréttar og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og grefur undan öryggi og stöðugleika í Evrópu og á heimsvísu. Leiðtogaráðið kallaði eftir undirbúningi og samþykkt frekari pakka einstaklingsbundinna og efnahagslegra refsiaðgerða án tafar.
- 5) Hinn 25. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/327⁽²⁾, sem breytti ákvörðun 2014/512/SSUÖ og innleiddi sértækar aðgerðir innan tiltekinna geira.
- 6) Í ljósi þess hversu ástandið er alvarlegt og til að bregðast við hernaðarárásum Rússlands gegn Úkraínu þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir að því er varðar útflutning á vörum og tækni til siglingaleiðsögu. Einnig þykir rétt að víkka út skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem falla undir bönnin er varða fjárfestingarþjónustu, framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsgerninga og lán. Enn fremur er þörf á vissum skýringum til að tryggja rétta beitingu sumra þeirra sértæku takmarkana innan tiltekinna geira sem innleiddar eru með ákvörðun (SSUÖ) 2022/327.
- 7) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 8) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 4. mgr. 1. gr. a kemur eftirfarandi:
„4. Viðskipti sem tengjast stjómun varasjóða svo og eigna Seðlabanka Rússlands, þ.m.t. viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóð Rússlands (Russian National Wealth Fund) eru bönnuð.“
- 2) Í stað 2. mgr. 1. gr. b kemur eftirfarandi:
„2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ríkisborgara aðildarríkis, ríkisborgara lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða ríkisborgara Sviss eða um einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, í landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Sviss.“
- 3) Í stað b-liðar 2. mgr. í 4. gr. b kemur eftirfarandi:
„b) opinbera fjármögnun eða fjárhagsaðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja með staðfestu í Sambandinu, að heildarvirði allt að 10 000 000 evrum á verkefni, eða“.
- 4) Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. gr. g:

„4. gr. h

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni til siglingaleiðsögu, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, til notkunar í Rússlandi eða til að setja um borð í skip sem sigla undir fána Rússlands.
 2. Lagt er bann við því:
 - a) að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,
 - b) að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.
 3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á þeim vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsástoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
 4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsástoðar, til annarra nota en hernaðarlegra og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsástoð séu ætlaðar til siglingaöryggis.
 5. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.“
- 5) Ákvæðum VI. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 9. mars 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J.-Y. LE DRIAN

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/327 frá 25. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 48, 25.2.2022, bls. 1).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/395/oj>].

Fylgiskjal 7.19.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/430**

frá 15. mars 2022

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneskur heraflí hóf árás á Úkraínu. Sú árás er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 4) Í ályktunum sínum frá 24. febrúar 2022 fordæmdi leiðtogaráðið harðlega tilefnislausar og óréttmætar hernaðarárásir Rússneska sambandsríkisins gegn Úkraínu. Með ólögum hernaðarlegum aðgerðum sínum brýtur Rússland gróflega gegn reglum þjóðaréttar og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og grefur undan öryggi og stöðugleika í Evrópu og á heimsvísu. Leiðtogaráðið kallaði eftir undirbúningi og samþykkt frekari pakka einstaklingsbundinna og efnahagslegra refsiaðgerða án tafar.
- 5) Í ljósi þess hversu ástandið er alvarlegt og til að bregðast við hernaðarárásum Rússlands gegn Úkraínu þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir. Einkum þykir rétt að banna öll viðskipti við tiltekin ríkisfyrirtæki. Einnig þykir rétt að leggja bann við því að veita lánshæfismatsþjónustu, og einnig við aðgangi rússneskra aðila eða rekstrareininga að hvers konar áskriftarþjónustu í tengslum við lánshæfismatsstarfsemi. Enn fremur er við hæfi að herða takmarkanir á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands, og að víkka út skrána yfir aðila sem tengjast varnar- og iðnaðargrundvelli í Rússlandi, sem falla undir þessar takmarkanir. Enn fremur þykir rétt að banna nýjar fjárfestingar í rússneska orkugeiranum og setja yfirgripsmiklar takmarkanir á útflutning á búnaði, tækni og þjónustu fyrir orkugeirann í Rússlandi, að undanskildum kjarnorkuiðnaðinum og orkuflutningageiranum á síðari stigum. Loks þykir rétt að innleiða frekari takmarkanir vegna viðskipta með járn og stál, og með munaðarvörur.
- 6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi grein bætist við:

„1. gr. aa

1. Lagt er bann við því að eiga viðskipti, á beinan eða óbeinan hátt, við:
 - a) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi, sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera eða sem Rússland, stjórnvöld þess eða Seðlabanki Rússlands hefur rétt til hluteildar í hagnaði í eða sem Rússland, stjórnvöld þess eða Seðlabanki Rússlands hefur önnur mikilvæg efnahagsleg tengsl við, eins og skráð er í X. viðauka,
 - b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem er skráð í X. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti, eða
 - c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a- eða b-lið þessarar málsgreinar.
2. Bannið í 1. mgr. skal ekki gilda fyrir en 15. maí 2022 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 16. mars 2022 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um:

- a) viðskipti sem eru alveg nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á jarðefnaeldsneyti, einkum kolum, olíu og jarðgasi, sem og titáni, áli, kopar, nikkell, palladíum og járngrýti frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið,
- b) viðskipti í tengslum við orkuverkefni utan Rússlands þar sem lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er skráð í X. viðauka, er minnihlutahluthafi.“

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„I. gr. g

1. Lagt er bann við því, frá og með 15. apríl 2022, að veita rússneskum ríkisborgara, einstaklingi sem er búsettur í Rússlandi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi lánsþjónustu.

2. Lagt er bann við því, frá og með 15. apríl 2002, að veita rússneskum ríkisborgara eða einstaklingi sem er búsettur í Rússlandi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi aðgang að áskriftarþjónustu í tengslum við lánsþjónustustarfsemi.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um ríkisborgara aðildarríkis eða einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki.“

3) Eftirfarandi kemur í stað 7. mgr. 3. gr.:

„7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir í samræmi við 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:

- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem skráð er í IV. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota,
- ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir flug- eða geimiðnað, eða
- iii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir orkugeirann nema slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé heimil samkvæmt þeim undanþágum sem um getur í 3.–6. mgr. 4. gr.“

4) Í stað 7. mgr. 3. gr. a kemur eftirfarandi:

„7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir í samræmi við 4. og 5. mgr. þessarar greinar, skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:

- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem skráð er í IV. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota,
- ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir flug- eða geimiðnað, eða
- iii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir orkugeirann nema slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé heimil samkvæmt þeim undanþágum sem um getur í 3.–6. mgr. 4. gr.“

5) Í stað 1. mgr. 3. gr. b kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 3. gr. og 3. gr. a í þessari ákvörðun og með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, að því er varðar einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem skráðar eru í IV. viðauka, einungis heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi og þeirra vara og tækni sem um getur í 3. gr. a í þessari ákvörðun, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað:

- a) að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð séu nauðsynlegar til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða
- b) að samkvæmt samningum sem gerðir voru fyrir 26. febrúar 2022, eða fylgisamningum sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíks samnings, eigi að afhenda slíkar vörur eða tækni eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð, að því tilskildu að farið sé fram á heimildina fyrir 1. maí 2022.“

6) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á tilteknum vörum og tækni sem henta til tiltekinna flokka leitar- og vinnsluverkefna, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu og á landgrunni þess, eða til notkunar í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu og á landgrunni þess.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa málsgrein.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.

3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum og tækni, eða veitingu tækni- eða fjárhagsástoðar, sem er nauðsynleg:

- a) fyrir flutning á jarðefnaeldsneyti, einkum kolum, olíu og jarðgasi, frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið eða
- b) til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið.

4. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda fyrr en 17. september 2022 um efndir skuldbindingar sem rekja má til sammings sem gerður var fyrir 16. mars 2022 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíks sammings, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafa verið upplýst um málið a.m.k. fimm virkum dögum áður.

5. Bönnin í 2. mgr. gilda ekki um veitingu trygginga eða endurtrygginga til handa lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis að því er varðar starfsemi þeirra utan orkugeirans í Rússlandi.

6. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning og veitingu tækni- og fjárhagsástoðar, eftir að hafa ákvarðað:

- a) að það sé nauðsynlegt til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins eða
- b) að það sé ætlað til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða undir fullum eða sameiginlegum yfirráðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.

7. Hlutaðeigandi aðildarríki skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 6. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

7) Í stað 4. gr. a kemur eftirfarandi:

„4. gr. a

1. Lagt er bann við því:

- a) að eignast hlut eða auka hlutdeild sína í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt rússneskum lögum eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Rússlandi,
- b) veita eða eiga þátt í fyrirkomulagi við að veita nýtt lán eða láta á annan hátt í té fjármögnun, þ.m.t. eigið fé, til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt rússneskum lögum eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Rússlandi, eða í þeim skráða tilgangi að fjármagna slíkan lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun,
- c) að stofna nýtt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni með lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt rússneskum lögum eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Rússlandi,
- d) að láta í té fjárfestingarþjónustu sem tengist beint þeirri starfsemi sem um getur í a-, b- og c-lið.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, starfsemi sem um getur í 1. mgr., eftir að hafa ákvarðað:
- að það sé nauðsynlegt til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins, sem og flutning á jarðefnaeldsneyti, einkum kolum, olíu og jarðgasi, frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið, eða
 - að hún varði einungis lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar í orkugeiranum í Rússlandi og sem er í eigu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.
3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 8) Í stað 1. mgr. 4. gr. f kemur eftirfarandi:
- „1. Netstjórnandinn fyrir starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar innan samevrópska loftrýmisins skal styðja framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við að tryggja framkvæmd 4. gr. e og að farið sé að ákvæðum hennar. Netstjórnandinn skal einkum hafna öllum flugáætlunum sem flugrekendur leggja fram og sem gefa til kynna fyrirætlanir um að stunda starfsemi yfir yfirráðasvæði Sambandsins, sem brýtur í bága við þessa ákvörðun, þannig að flugmaðurinn fái ekki flugleyfi.“
- 9) Eftirfarandi greinar bætast við:
- „4. gr. i*
1. Lagt er bann við því:
- að flytja, með beinum eða óbeinum hætti, járn- og stálvörur inn í Sambandið ef þær:
 - eru upprunnar í Rússlandi eða
 - hafa verið fluttar út frá Rússlandi,
 - að kaupa, með beinum eða óbeinum hætti, járn- og stálvörur sem eru staðsettar eða upprunnar í Rússlandi,
 - að flytja járn- og stálvörur, ef þær eru upprunnar í Rússlandi eða eru fluttar út frá Rússlandi til annars lands,
 - að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, tæknaaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjármálaafleiður, ásamt váttryggingum og endurtryggingum, sem tengjast þeim bönnum er um getur í a-, b- og c-lið.
- Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa málsgrein.
2. Bönnin í 1. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 17. júní 2022 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 16. mars 2022 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
- 4. gr. j*
- Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á munaðarvörum til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.
 - Bannið sem um getur í 1. mgr. gildir um munaðarvörur að því marki sem virði þeirra fer yfir 300 evrur á hlut.
 - Bannið sem um getur í 1. mgr. gildir ekki um vörur sem eru nauðsynlegar í opinberum tilgangi sendi- eða ræðisskrifstofa aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti eða um persónulegar eigur starfsfólks þeirra.
 - Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.“
- 10) Í stað a-liðar 1. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:
- „a) lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skráðar eru í I., II., III., IV., V., VI., VIII., IX. eða X. viðauka eða sem um getur í 1. gr. (b- eða c-lið 1. mgr.), 1. gr. (b- eða c-lið 2. mgr.), 1. gr. (c- eða d-lið 3. mgr.), 1. gr. (b- eða c-lið 4. mgr.), 1. gr. a (a-, b- eða c-lið), 1. gr. aa (b- eða c-lið), 1. gr. e eða í 1. gr. g.“
- 11) Viðaukunum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 15. mars 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J.-Y. LE DRIAN

(¹) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjttíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/430/oj>].

Fvlgiskjal 8.10.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/394**

frá 9. mars 2022

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun (SSUÖ) 2022/395(¹) frá 9. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014(²).
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ(³).
- 3) Hinn 9. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/395 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ og um að setja fram frekari þvingunaraðgerðir að því er varðar útflutning á vörum og tækni til siglingaleiðsögu.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2022/395 er skráin yfir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem falla undir takmarkanir á fjármögnun með lánum, framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, víkkuð út þannig að hún taki til siglingageirans. Þar sem almennt er litið svo á að hægt sé að veita lán með hvaða hætti sem er, þ.m.t. með sýndareignum, þykir rétt með tilliti til sérstaks eðlis þeirra að skilgreina nánar hugtakið „framseljanleg verðbréf“ í tengslum við slíkar eignir.
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2022/395 er undanþágan sem tengist innlánnum einnig víkkuð út til ríkisborgara landa sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og til ríkisborgara Sviss.
- 6) Til að tryggja rétta framkvæmd þeirra ráðstafana sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er nauðsynlegt að skýra nánar undanþáguna varðandi fjármögnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sem og tiltekin ákvæði í viðaukunum sem varða bannaðar vörur og tækni.
- 7) Lagasetning á vettvangi Sambandsins er því nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þessum ráðstöfunum verði beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað inngangsorða í f-lið 1. gr. kemur eftirfarandi:

„f) „framseljanleg verðbréf“: eftirfarandi flokkar verðbréfa, þ.m.t. í formi sýndareigna, sem unnt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjöllum.“
- 2) Í 2. gr. d bætist eftirfarandi málsgrein við:

„3a. Veiti aðildarríki heimild í samræmi við 2. gr. (d-lið 4. mgr.), 2. gr. a (d-lið 4. mgr.) og 3. gr. f (4. mgr.) fyrir sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi vara og tækni sem ætlaðar eru til siglingaöryggis, skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 3) Í stað b-liðar 2. mgr. 2. gr. e kemur eftirfarandi:

„b) opinbera fjármögnun eða fjárhagsaðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja með staðfestu í Sambandinu, að heildarvirði allt að 10 000 000 evrum á verkefni, eða“.
- 4) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. f

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni til siglingaleiðsögu, sem eru á skrá í XVI. viðauka, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi eða til að setja um borð í skip sem sigla undir fána Rússlands.
 2. Lagt er bann við því að:
 - a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,
 - b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.
 3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
 4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð séu ætlaðar til siglingaöryggis.“
- 5) Í stað 4. mgr. 5. gr. a kemur eftirfarandi:

„4. Viðskipti sem tengjast stjórnun varasjóða svo og eigna Seðlabanka Rússlands, þ.m.t. viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir mælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóð Rússlands (Russian National Wealth Fund), eru bönnuð.“
 - 6) Í stað 2. mgr. 5. gr. b kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ríkisborgara aðildarríkis, ríkisborgara lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða ríkisborgara Sviss eða um einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetu-leyfi í aðildarríki, í landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Sviss.“
 - 7) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
 - 8) Ákvæðum IX. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
 - 9) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

10) Textinn í IV. viðauka við þessa reglugerð bætist við sem XVI. viðauki við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J.-Y. LE DRIAN

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 81/1, 9.3.2022, bls. 8.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/394/oj>].

Fylgiskjal 8.11.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/428

frá 15. mars 2022

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/430 frá 15. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽³⁾.
- 3) Hinn 15. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/430 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ og að setja fram frekari takmarkanir vegna viðskipta með járn og stál og munaðarvörur.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2022/430 er skráin yfir aðila sem tengjast varnar- og iðnaðargrundvelli í Rússlandi, sem eru látnir sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands, vikkuð út.
- 5) Í ákvörðun (SSUÖ) 2022/430 eru einnig lögð bönn við nýjum fjárfestingum í rússneska orkugeiranum og settar yfirgripsmiklar takmarkanir á útflutning á búnaði, tækni og þjónustu fyrir orkugeirann í Rússlandi, að undanskildum kjarnorkuiðnaðinum og orkuflutningageiranum á síðari stigum.
- 6) Í ákvörðun (SSUÖ) 2022/430 er lagt bann við öllum viðskiptum við tiltekin ríkisfyrirtæki sem falla þegar undir takmarkanir vegna endurfjármögnunar.
- 7) Í ákvörðun (SSUÖ) 2022/430 er einnig lagt bann við því að veita lánshæfismatsþjónustu ásamt banni við aðgangi rússneskra viðskiptavina að hvers konar áskriftarþjónustu í tengslum við lánshæfismatsstarfsemi.

- 8) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 9) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. gr.:
- „s) „lánshæfismat“: álit á lánshæfi einingar, skuldar eða fjárskuldbindingar, skuldabréfa, forgangshlutabréfa eða annarra fjármálagerna, eða útgefanda þess háttar skuldar eða fjárskuldbindingar, skuldabréfa, forgangshlutabréfa eða annarra fjármálagerna, útgefna með notkun viðurkennds og skilgreinds röðunarkerfis matsflokka,
- t) „lánshæfismatsstarfsemi“: greining á gögnum og upplýsingum og mat, samþykki, útgáfa og endurskoðun á lánshæfismati,
- u) „orkugeiri“: geiri sem nær yfir eftirfarandi starfsemi, að undanskilinni starfsemi sem tengist kjarnorku til borgaralegra nota:
- i. leit, framleiðsla, dreifing innan Rússlands eða vinnsla á hráolíu, jarðgasi eða jarðefnaeldsneyti í föstu formi, hreinsun á eldsneyti, þétting jarðgass eða endurgösun,
- ii. framleiðsla eða dreifing innan Rússlands á jarðefnaeldsneyti í föstu formi, hreinsuðum olíuvörum eða gasi, eða
- iii. bygging starfsstöðva eða uppsetning búnaðar eða veiting þjónustu, búnaðar eða tækni fyrir starfsemi í tengslum við orkuframleiðslu eða rafmagnsframleiðslu.“
- 2) Eftirfarandi liður bætist við í 7. mgr. 2. gr.:
- „iii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir orkugeirann nema slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé heimil samkvæmt þeim undanþágum sem um getur í 3.–6. mgr. 3. gr.“
- 3) Eftirfarandi liður bætist við 7. mgr. 2. gr. a:
- „iii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir orkugeirann nema slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé heimil samkvæmt þeim undanþágum sem um getur í 3.–6. mgr. 3. gr.“
- 4) Í stað inngangsorða í 1. mgr. 2. gr. b kemur eftirfarandi:
- „1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 2. gr. a og með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbæru stjórnvöldin, að því er varðar einstaklingana, lögaðilana, rekstrareiningarnar eða stofnanirnar sem skráðar eru í IV. viðauka, einungis heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi og vara og tækni sem eru á skrá í VII. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað:“
- 5) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum eða tækni sem eru skráð í II. viðauka, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu þess og á landgrunni, eða til notkunar í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu þess og á landgrunni.
2. Lagt er bann við því að:
- a) veita tæknaaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,

- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.
3. Bönningin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum og tækni, eða veitingu tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sem er nauðsynleg:
- fyrir flutning á jarðefnaeldsneyti, einkum kolum, olíu og jarðgasi, frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið eða
 - til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið.
4. Bönningin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um efndir skuldbindingar, fram til 17. september 2022, sem rekja má til samnings sem gerður var fyrir 16. mars 2022 eða fylgisamninga, sem nauðsynlegir eru til efndar slíks samnings, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafi verið upplýst um málið a.m.k. fimm virkum dögum áður.
5. Bönningin í 2. mgr. gilda ekki um veitingu trygginga eða endurtrygginga til handa lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis að því er varðar starfsemi þeirra utan orkugeirans í Rússlandi.
6. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning og veitingu tækni- og fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað:
- að það sé nauðsynlegt til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins, eða
 - að það sé ætlað til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða undir fullum eða sameiginlegum yfirráðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.
7. Hlutaðeigandi aðildarríki skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 6. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 6) Í stað 3. gr. a kemur eftirfarandi:
- „3. gr. a*
- Lagt er bann við því:
 - að eignast hlut eða auka hlutdeild sína í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða stofnuð löglega samkvæmt rússneskum lögum eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Rússlandi,
 - veita eða eiga þátt í fyrirkomulagi við að veita nýtt lán eða láta á annan hátt í té fjármögnun, þ.m.t. eigið fé, til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt rússneskum lögum eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Rússlandi, eða í þeim skráða tilgangi að fjármagna slíkan lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun,
 - að stofna nýtt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni með lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt rússneskum lögum eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Rússlandi,
 - að láta í té fjárfestingarþjónustu sem tengist beint þeirri starfsemi sem um getur í a-, b- og c-lið.
 - Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sérhverja starfsemi sem um getur í 1. mgr., eftir að hafa ákvarðað:
 - að það sé nauðsynlegt til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins, sem og flutning á jarðefnaeldsneyti, einkum kolum, olíu og jarðgasi, frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið, eða
 - að hún varði einungis lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar í orkugeiranum í Rússlandi og sem er í eigu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.
 - Hlutaðeigandi aðildarríki skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 7) Í stað 1. mgr. 3. gr. e kemur eftirfarandi:
- „1. Netstjórnandinn fyrir starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar innan samevrópska loftrýmisins skal styðja framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við að tryggja framkvæmd 3. gr. d og að farið sé að ákvæðum hennar. Netstjórnandinn skal einkum hafna öllum flugáætlunum sem flugrekendur leggja fram

og sem gefa til kynna fyrirætlanir um að stunda starfsemi yfir yferráðasvæði Sambandsins, sem brýtur í bága við þessa reglugerð, þannig að flugmaðurinn fái ekki flugleyfi.“

8) Eftirfarandi greinar bætast við:

„3. gr. g

1. Lagt er bann við því:

- a) að flytja, með beinum eða óbeinum hætti, járn- og stálvörur, sem skráðar eru í XVII. viðauka, inn í Sambandið ef þær:
 - i. eru upprunnar í Rússlandi eða
 - ii. hafa verið fluttar út frá Rússlandi,
- b) að kaupa, með beinum eða óbeinum hætti, járn- og stálvörur, sem skráðar eru í XVII. viðauka, sem eru staðsettar eða upprunnar í Rússlandi,
- c) að flytja járn- og stálvörur, sem skráðar eru í XVII. viðauka, ef þær eru upprunnar í Rússlandi eða eru fluttar út frá Rússlandi til annars lands,
- d) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjármálaafleiður, ásamt váttryggingum og endurtryggingum, sem tengjast þeim bönnum er um getur í a-, b- og c-lið.

2. Bönnin í 1. mgr. skulu ekki gilda fyrr en 17. júní 2022 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 16. mars 2022 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.

3. gr. h

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á munaðarvörum sem skráðar eru í XVIII. viðauka til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.

2. Bannið sem um getur í 1. mgr. gildir um munaðarvörur sem skráðar eru í XVIII. viðauka, að því marki sem virði þeirra fer yfir 300 evrur á hlut, nema annað sé tekið fram í viðaukanum.

3. Bannið sem um getur í 1. mgr. gildir ekki um vörur sem eru nauðsynlegar í opinberum tilgangi sendi- eða ræðisskrifstofa aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti eða um persónulegar eigur starfsfólks þeirra.“

9) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. aa

1. Lagt er bann við því að eiga viðskipti, á beinan eða óbeinan hátt, við:

- a) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi, sem er undir yferráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera eða sem Rússland, stjórnvöld þess eða Seðlabanki hefur rétt til hlutdeildar í hagnaði í eða sem Rússland, stjórnvöld þess eða Seðlabanki hefur önnur mikilvæg efnahagsleg tengsl við, eins og skráð er í XIX. viðauka,
- b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem er skráð í XIX. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti, eða
- c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir mælum rekstrareiningar sem um getur í a- eða b-lið þessarar málsgreinar.

2. Bannið í 1. mgr. skal ekki gilda fyrr en 15. maí 2022 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 16. mars 2022 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.

3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um:

- a) viðskipti sem eru alveg nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á jarðefnaeldsneyti, einkum kolum, olíu og jarðgasi, sem og titani, áli, kopar, nikkell, palladíum og járngrýti frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið,
- b) viðskipti í tengslum við orkuverkefni utan Rússlands þar sem lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er skráð í XIX. viðauka, er minnihlutahluthafi.“

10) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. j

1. Lagt er bann við því, frá og með 15. apríl 2022, að veita rússneskum ríkisborgara, einstaklingi sem er búsettur í Rússlandi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi lánsþjónustu.
2. Lagt er bann við því, frá og með 15. apríl 2002, að veita rússneskum ríkisborgara eða einstaklingi sem er búsettur í Rússlandi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi aðgang að áskriftarþjónustu í tengslum við lánsþjónustustarfsemi.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um ríkisborgara aðildarríkis eða einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki.“

11) Í stað a-liðar 1. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„a) lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skráðar eru í III., IV., V., VI., XII., XIII., XIV., XV. eða XIX. viðauka eða sem um getur í 5. gr. (b- eða c-liður 1. mgr.), 5. gr. (b- eða c-liður 2. mgr.), 5. gr. (c- eða d-liður 3. mgr.), 5. gr. (b- eða c-liður 4. mgr.), 5. gr. a (a-, b- eða c-liður), 5. gr. aa (b- eða c-liður), 5. gr. h eða 5. gr. j.“

12) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari reglugerð eru sniðgengin.“

- 13) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 14) Ákvæðum XVII., XVIII. og XIX viðauka er bætt við í samræmi við II. viðauka þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J.-Y. LE DRIAN

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 87 I, 15.3.2022.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/428/oj>].